



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattlagning tekna af höfundarréttindum). Mál nr. 35 á þingmálaskrá 149. löggjafarþings 2018-2019.
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Fjármála- og efnahagsráðuneytið; skrifstofa skattamála.
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	13. desember 2018.

A. Úrlausnarefni

- Forsaga máls og tilefni** Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að hugað verði að breytingum á skattlagningu á tónlist, íslenskt ritmál og fjölmiðla. Fyrsta skrefið snúi að bókum en síðan verði höfundagreiðslur sem viðurkennd rétthafasamtök innheimta skattlagðar sem eignatekjur/fjármagnstekjur.
- Hvert er úrlausnarefnið?** Með frumvarpinu verða lagðar til breytingar sem fela það í sér að gerður verður greinarmunur í skattalegu tilliti á höfundarlaunum annars vegar og tekjum af höfundarréttindum hins vegar þar sem lagt verður til að hvers konar endurgjald til höfunda og rétthafa fyrir afnot af hugverki, að undanskildum höfundarlaunum, teljist til eignatekna/fjármagnstekna.
- Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?** Samkvæmt 40. gr. Stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944, má engan skatt á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Þá segir í 77. gr. að skattamálum skuli skipað með lögum og ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Þá verði enginn skattur lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.

B. Markmið

- Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki** Markmið málaflokks 5.1 miða að því að tryggja að skattaumsýsla, þ.e. skattframkvæmd og innheimta, sé í samræmi við það meginmarkmið að stuðla að einföldu og skilvirku skattkerfi til að fjármagna sameiginleg útgjöld þjóðarinnar. Markmið málaflokksins hafa víðtæka tengingu við áherslumál í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og styðja jafnframt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:
 - Bæta skattskil og öflun tekna til sameiginlegra útgjalda.
 - Skilvirkari og einfaldari opinber innheimta.
- Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda** Að höfundagreiðslur sem viðurkennd rétthafasamtök innheimta verði skattlagðar sem eignatekjur/fjármagnstekjur.

C. Leiðir

- Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?** Höfundagreiðslur yrðu áfram skattlagðar sem launatekjur.
- Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið** Þar sem um er að ræða nauðsynlegar breytingar á lagaákvæðum á sviði skattamála koma önnur úrræði ekki til greina, sbr. ákvæði 40. og 77. gr. Stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944.
- Mögulegar leiðir við lagasetningu** Breyting á ákvæðum laga um skatta og gjöld.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?
<ol style="list-style-type: none"> 1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni Sjá C-lið. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott Breyting á ákvæðum laga um skatta og gjöld.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
<ol style="list-style-type: none"> 1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei. 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei.
F. Samráð
<ol style="list-style-type: none"> 1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Höfundar og réttihafar hugverka. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Hugsanlega mennta- og menningarmálaráðuneytið. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram Ekkert samráð hefur farið fram. 4. Fyrirhugað samráð Fyrirhugað er samráð við mennta- og menningarmálaráðuneytið og ríkisskattstjóra.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
<ol style="list-style-type: none"> 1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal Fjárhagsmatið er lauslegt og til bráðabirgða. Greining byggð á tölfræðigögnum og/eða sérstökum reiknilíkönnum hefur ekki verið gerð enn sem komið er. Gildissvið og útfærsla hinna áformuðu breytinga gæti orðið með ýmsu ólíku móti. Þau atriði munu ráða því hver áhrifin verða á tekjur ríkisins. Gera má ráð fyrir því að áhrifin verði neikvæð þar sem lækkun tekna af tekjuskatti og tryggingagjaldi verði meiri en hækkun tekna af fjármagnstekjuskatti. Gróflega er áætlað að tekjutap ríkisins nemi allt að 100 m.kr.
H. Næstu skref, innleiðing
<ol style="list-style-type: none"> 1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina? Nei. 1. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Samvinna og samráð verður haft við mennta- og menningarmálaráðuneytið og ríkisskattstjóra. Ekki er gert ráð fyrir að langan tíma þurfi til undirbúnings/aðlögunar. 2. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Samráð við innleiðingu löggjafar. 3. Mælikvarðar á árangur og útkomu Á ekki við. 4. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Fjármála- og efnahagsráðuneytið fær reglulega gögn frá ríkisaðilum og kallar einnig eftir þeim teljist það nauðsynlegt til að meta m.a. árangur lagabreytinga á sviði skattamála. Það mun einnig eiga við í þessu tilviki.
I. Annað
J. Fylgiskjöl
<ol style="list-style-type: none"> 1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað Já. 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum Nei.